

Ræða formanns á aðalfundi LÍ á Hólum í Hjaltadal

Staður eins og Hólar geymir vafalítið mikla sögu um lækningar þó saga kirkju, kristni og uppfræðslu sem því tengdist sé fyrirferðarmest og hafi best verið til haga haldið. Í tíð Guðmundar góða var þenj- um þurfandi lýðs áreiðanlega sinnt jafnt og öðrum líkamlegum þörfum hans eftir því sem þekking og reynsla leyfði á þeim tíma. En því miður eru heimildir um þetta af skornum skammti og í raun fátæklegar um klíniska vinnu þar til séra Þorkell Arngrímsson skrifaði með nákvæmni og smásmygli læknisins um lækningar sínar á bók. Þorkell útskrifaðist úr Hólaskóla 1647 og var áreiðanlega einn merkastur læknir á Íslandi um sína daga. Bjarni Pálsson landlæknir og tengdasonur hans Sveinn Pálsson voru báðir Hólasveinar og hlutu hér þann undirbúning sem dugði þeim til náms í læknisfræði.

Ekki verður vikist undan því við setningu aðalfundar LÍ að fara örfáum orðum um dægurmál samtímans eins og jafnan er siður. Biskupsstólarnir lögðu sitt að mörkum til upphafs nútímalegrar skattlagningar með þróun tíundargreiðslna sem allt fram á okkar daga hafa tekið mið af getu hvers og eins til að leggja samfélaginu lið eftir efnum sínum. Þetta hefur verið gert til að milda þann mun sem lögmál náttúrunnar og lífið sjálft leggur okkur til í dagsins önn. Og kveinkar enginn heilbrigður maður sér undan þeirri sjálfsögðu skyldu. Við höfum nú nýverið gengið í gegnum hina árlegu umræðu um tekjur manna og skattbyrði einstaklinganna, þar sem m.a. tekjur lækna hafa vakið athygli og skal það að sínu leyti ekki gagnrýnt. Hafa verður þó í huga að annars vegar liggur óhemju mikil vinna að baki þessum tekjum, einkum þeirra lækna sem vinna vítt og breitt um landið, og hins vegar endurspeglar staða þeirra í einstökum skattumdæmum miklu frekar þann mun sem er á afkomu fólks í atvinnulífinu eftir landshlutum og heilbrigði efnahags- og atvinnuástandsins á umræddum stöðum. Það ætti að vera stjórnáráðgjafi umhugsunarefni.

Því færi ég þetta í tal að sjónir stjórnar LÍ beinast nú að skattalögum og skattalegri meðferð aflafjárins. Athygli vekur að staða lækna sem vinna svipuð störf, jafnvel hlið við hlið, er ákaflega mismunandi. Fagna ber vilja stjórnvalda til að ýta undir frjálsan atvinnurekstur og örva framtak fólks til að sjá sér farborða með þeim hætti. Það er eitt af höfuð stefnumiðum LÍ að hlúa að þessu fyrirkomulagi og að benda á lausnir í heilbrigðisþjónustu sem byggja á þessari meginreglu. Því eru þær breytingar á skattalögum sem gerðar hafa verið í þágu atvinnurekstrar

á liðnum árum fagnaðarefni. En við svo búið má ei sitja. Halda þarf áfram á sömu braut og gera ráðstafanir til að skattaleg hagræðing stuggi ekki við jafnræðinu og þá með því að skattar einstaklinga verði færðir í það horf að tíundin sem við erum öll svo fús til að greiða sé ekki þörn eða fleinn í holdi samfélagsins. Það er öllum fyrir bestu að sátt ríki um hvernig byrðunum er deilt. Næg eru ágreiningsefni samt.

Fyrir á árinu varð all mikil umræða um lyfjakostnað landsmanna. Sú umræða er bæði gömul og ný. Það er engin ný saga að þeir sem með opinbert fé fara kvarti undan lyfjakostnaði. Á níunda áratugnum varð lyfjakostnaður til þess að afdrifaríkar pólitískar ákvarðanir voru teknar um heilbrigðisþjónustu. Sveitarfélögin voru að kikna undan lyfjakostnaði sjúkrasamlaganna sem leiddi til þess að þau voru lögð niður, ríkið tók við skyldum þeirra og öll grunnheilbrigðisþjónusta fylgdi með. Þetta þekkjum við allt saman. En það er nokkur nýlunda í seinni tíð að læknar séu með beinum hætti kallaðir til ábyrgðar á meintum óhóflegum útgjöldum til lyfja. Og svo er umræðan tengd mútubægni lækna og ístöðuleysi gagnvart gegndarlausum áróðri lyfjaframleiðanda og lyfjadreifingarinnar.

Umræða af þessu tagi er mikil einföldun á eðli málsins og ómálefnaleg. Enda hafa læknar boðið upp á aðra nálgun sem sæmir bæði þeim og heilbrigðisstjórninni. Læknar eru jafn áhugasamir og aðrir að halda kostnaði við lyfjakaup niðri og að hagræðingar sé gætt á öllum stigum milli framleiðanda og neytanda. Heilbrigðisþjónustan á að vera undir þessari smásjá gagnrýnnar þannig að fjármagnið nýtist fleirum til að þiggja víðtækari þjónustu. En umræðan þarf að vera fagleg ekki síður en fjárhagsleg. Því hafa læknar boðið heilbrigðisstjórninni bæði formlega og óformlega samstarf á þessu sviði. Við teljum það vænlegra til árangurs en stór orð, sleggjudómar eða misgáfulegar tilskipanir sem kalla ekki fram það besta í þeim sem við þær eiga að búa. Ég veit að núverandi ráðherra hefur heilbriggt viðhorf til þessara mála og LÍ á nú þegar einn fulltrúa í starfshópi um lyfjamál á vegum ráðuneytisins og væntum við frekara samstarfs á þeim vettvangi.

Það er alltaf með nokkurri eftirvæntingu að læknar bíða niðurstöðu alþingiskosninga. Ekki vegna þess að þeir séu svo mjög samstíga í landsmálapólitík; því fer víðs fjarri. Þeir bíða þess að fá að vita hvaða einstaklingur fari með málefni þeirra næstu fjögur árin innan ríkisstjórnarinnar. Það er ekki áhlaupaverk að kynna nýjum ráðherra sjónarmið



Sigurbjörn Sveinsson

lækna hvað varðar hin einstöku úrlausnarefni sem eru á döfnni, hvað þá að vinna traust hans og mál-efnunum brautargengi. Ég vil að það komi fram hér að það varð mér persónulegt fagnaðarefni að Jón Kristjánsson hélt sínum ráðherraáttum fyrir hönd framsóknarmanna. Ég hef átt ágæt samskipti við Jón Kristjánsson frá því hann tók við ráðuneytinu og hef enga ástæðu til annars en að ætla að svo verði áfram. Það er ánægjuefni að ráðherra skuli verja sínum

dýrmæta tíma til að vera við setningu þessa aðalfundar hér á Hólum, í uppvaxtarsveit sinni og ekki fjarri kjördæmi sínu. Mér segja fróðir menn, Svarfdælir, að ekki þurfi að fara nema rétt hér handan við Hólabyrðuna í Kolbeinsdal og fram á Heljardalsheiði, þá sé komið í kjördæmi heilbrigðisráðherra.

Vil ég að því mæltu segja aðalfund Læknafélags Íslands á Hólum í Hjaltadal 2003 settan og bjóða Jóni Kristjánssyni að ávarpa fundinn.

Frétt frá Landlæknisembættinu

Bókin um bakið er komin út hjá Landlæknisembættinu. Hópur breskra sérfræðinga sem hefur einbeitt sér að meðferð bakverkja samdi bókina og stuðst er við nýjustu rannsóknir. Bókin kom fyrst út í Bretlandi 1996 í tengslum við gerð klínískra leiðbeininga um bakvandamál og meðferð þeirra. Önnur útgáfa, aukin og endurbætt, kom út á síðastliðnu ári og er íslenska útgáfan þýðing hennar. Á vefsetri Landlæknisembættisins komu út klínískar leiðbeiningar um bráða bakverki í árslok 2002 og var þar stuðst við bresku leiðbeiningarnar. Í framhaldi af því var ákveðið að þýða Bókina um bakið. Magnús Ólason, yfirlæknir á Reykjalundi, þýddi bókina en hann stýrði vinnuhópi um gerð klínísku leiðbeininganna.

Bókin geymir ráðleggingar um hvernig best er að bregðast við og hafa stjórn á bakverkjum, hvernig hægt er að ná sér tiltölulega fljótt og halda sér gangandi með því að hreyfa sig eftir getu og reyna að lifa eðlilegu lífi þrátt fyrir verki.

Bakverkir eru mjög algengir og valda mikilli vanlíðan þótt alvarleg bakvandamál séu í raun sjaldgæf. Það er því mikil þörf fyrir gagnlegar upplýsingar fyrir fólk sem þjáist af bakverkjum. Markmið með útgáfunni er að lækna og aðrir meðferðaraðilar, s.s. sjúkraþjálfarar og kiropraktorar, gefi sjúklingum sínum Bókina um bakið til að hjálpa þeim að ráða við bakverki strax á bráðastiginu. Einnig verður bókinni dreift hjá heilsugæslunni.

Í júlí sl. var Bókin um bakið gefin út á vefsetri Landlæknisembættisins en með rausnarlegum styrk frá SPRON reyndist unnt að gefa bókina einnig út á prenti. Hún er prentuð í Prentsmiðjunni Odda sem einnig annast dreifingu.

